

REGLUR FYRIR HÚSVERNDARSJÓÐ REYKJAVÍKURBORGAR

1. gr.

Húsverndarsjóður er í eigu borgarsjóðs. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til endurgerða eða viðgerða á mannvirkjum í Reykjavík sem sérstakt varðveislugildi hafa af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum, enda séu framkvæmdir í samræmi við upprunalegan byggingarstíl mannvirkis og sjónarmið minjavörslu.

2. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal ákveða í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert og skal því varið í samræmi við tilgang sjóðsins. Skipulags- og samgönguráð skal skipa fimm manna vinnuhóp, með tveimur kjörnum fulltrúum úr skipulags- og samgönguráði, einum starfsmanni frá skipulagsfulltrúa, einum frá byggingarfulltrúa og einum frá embætti borgarminjavarðar. Vinnuhópur gerir umsögn um styrkumsóknir og leggur tillögu fyrir skipulags- og samgönguráð. Afgreiðsla skipulags- og samgönguráðs skal lögð fyrir borgarráð til staðfestingar.

3. gr.

Skipulags- og samgönguráð skal auglýsa opinberlega eftir umsóknum um styrkveitingu úr sjóðnum í byrjun árs. Styrkumsóknir, ásamt gögnum, skulu berast innan umsóknarfrests sem skal að jafnaði vera þrjár vikur. Skipulags- og samgönguráð getur sett sérstök skilyrði varðandi styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að lögð verði áhersla á tiltekin svæði eða götur í Reykjavík við úthlutun styrkja. Skal þá vakin sérstök athygli á því í auglýsingu.

Einnig getur skipulags- og samgönguráð sett skilyrði varðandi einstakar styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í hlutum og að framkvæmdum sé lokið innan tiltekinna tímamarka.

Skipulags- og samgönguráð skal að jafnaði gera tillögur til borgarráðs um styrkveitingar eigi síðar en sex vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

4. gr.

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir á sérstökum umsóknareyðublöðum ásamt fylgigögnum. Vinnuhópur skipulags- og samgönguráðs getur óskað eftir frekari gögnum og upplýsingum eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Sérstaka áherslu skal leggja á styrkveitingar til framkvæmda sem miða að því að færa ytra byrði húsa til upprunalegs horfs. Að jafnaði skal ekki veita styrki til framkvæmda sem teljast eðlilegt viðhald, s.s. endurnýjun og málun á ytra byrði húsa.

Styrkir úr sjóðnum skulu eingöngu veittir til þeirra framkvæmda eða framkvæmdaþátta sem skipulags- og samgönguráð, að fenginni umsögn vinnuhóps, metur styrkhæfa.

6. gr.

Áður en framkvæmdir sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum hefjast skal leggja fram verkáætlun til samþykktar hjá Minjasafni Reykjavíkur. Við útfærslu á framkvæmdum skal hafa rit Húsafriðunarnefndar ríkisins um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa til hlíðsjónar.

Styrkur úr sjóðnum verður greiddur út þegar styrkþegi hefur undirritað yfirlýsingu um að hlíta settum skilyrðum og framkvæmdir, sem styrkur hefur verið veittur til, hafa sannanlega verið hafnar.

Komi í ljós að styrk úr sjóðnum hafi ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir innan eins árs frá greiðslu hans eða vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal styrkþegi endurgreiða styrkinn þegar í stað. Hægt er þó að sækja um viðbótarfrest allt að einu ári til skipulags- og samgönguráðs, ef rökstuddar ástæður eru fyrir verktöfum.

Sé styrkur ekki sóttur fyrir 31. desember árið eftir að honum er úthlutað fellur hann niður.